

Velferðarnefnd Alþingis.

12. mars 2018

Umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð, með síðari breytingum (afnám sérstakrar uppbótar til framfærslu). Þingskjal 39 — 39. mál.

Landssamtökin Þroskahjálpar þakka fyrir að hafa fengið til frumvarpið til umsagnar og vilja koma eftirfarandi á framfæri við velferðarnefnd og Alþingi varðandi það.

Með breytingum á lögum um almannatryggingar sem tóku gildi 1. janúar 2017 var sérstök framfærslutrygging aflögð hvaða varða ellilífeyri. Mjög brýnt er að löggjafinn taki sambærilega ákvörðun gagnvart örorkulífeyrisþegum.

Samkvæmt núgildandi fyrirkomulagi og lögum leiðir aldurstengd uppbót á örorkulífeyri ekki til hærri greiðslna til þeirra sem í hlut eiga þar sem aldurstengd uppbót skerðist krónu á móti krónu gagnvart framfærslulífeyri. Þannig hefur það fyrirkomulag verið afnumið að þeir sem hafa ungir orðið öryrkjar og hafa því ekki haft tækifæri til að öðlast rétt í lífeyrissjóði né til að eignast húsnæði fái hærri bætur. Skjólstæðingar samtakanna tilheyra flestir þeim hópi

Landssamtökin Þroskahjálpar hafa fengið kynningu af hálfu velferðarráðuneytis á stöðu svokallaðs starfsgetumats og telja ljóst að töluvert langur tími geti liðið þangað til síkt fyrirkomulag verði innleitt. Að mati samtakanna er með öllu óásættanlegt og fullkomlega ástæðulaust að beðið sé með svo brýnar úrbætur á almannatryggingakerfinu sem afnám framfærsluuppbótar og endurupptaka aldurtengdrar uppbótar eru. Auk þess er ljóst að þær breytingar og fyrirhugaðar breytingar m.t.t starfsgetumats eru óskyldar og alls ekki hverjar öðrum háðar.

Með vísan til framangreinds mæla Landssamtökin Þroskahjálpar eindregið með samþykkt þessa lagafrumvarps

Virðingarfyllst,

f. h. Landssamtakanna Þroskahjálpar,

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður.

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri.